



Skólanámskrá

*Leikskólans Álfabergs
2012 - 2013*



Það er leikur að læra.

Leikskólinn Álfaberg

Breiðvangur 42

220 Hafnarfjörður

Sími: 5553021 – 6645864

Netfang: alfaberg@hafnarfjordur.is

Stjórnendur: Lilja Kolbrún Steinpórsdóttir og Linda Björk Halldórsdóttir.

Inngangur

Aðalnámskrá leikskóla var gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 1999 og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar vinna samkvæmt henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Aðalnámskrá er ætlað að tryggja gæði leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna. Hún byggist á hugmyndafræði þar sem barnið og þarfir þess eru þungamiðja.

Á grundvelli Aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að vinna skólanámskrá. Í henni eru markmið Aðalnámskrár útfærð út frá sérstöðu hvers leikskóla fyrir sig og er ætlað að gera leikskólastarfið markvissara og sýnilegra.

Skólanámskrá leikskólans á að vera lifandi plagg og enduskoðuð á tveggja ára fresti. Hún á að veita bæði foreldrum og starfsfólki upplýsingar um starfið. Árið 2010 flutti leikskólinn í nýtt húsnæði og starfsemi hans breyttist frá því að hafa verið eingöngu með 5 ára börn í að hafa börn frá aldrinum 18 mánaða til 5 ára. Áherslupættir leikskólans breyttust og í ágúst 2010 hóf starfsmannahópurinn vinnu í að endurskipuleggja skólanámskrána. Allir starfsmenn tóku þátt í að móta nýja hugmyndafræði leikskólans og áherslupætti hans.

Hafnarfirði, mars 2011.

Lilja Kolbrún Steinpórsdóttir og
Linda Björk Halldórsdóttir
stjórnendur leikskólans Álfabergs

1. Grundvöllur leikskólastarfs

Samkvæmt lögum nr. 78/1994 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið.

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólastarfið viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú. Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera:

- *Að veita börnum umönnun, búa þeim til hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.*
- *Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.*
- *Að kappkosta, í samvinnu við heimilin, að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar.*
- *Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.*
- *Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.*
- *Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.*

2. Upplýsingar um leikskólann og rekstraraðila

2.1 Leikskólinn Álfaberg

Nafn leikskólans Álfabergs vísar í þjóðsögur og þjóðtrú og var hann fyrsti leikskólinn sem Hafnarfjarðarbær rekur og var stofnaður í júlí 1972 en þá var orðin mikil þörf fyrir leikskóla í bænum. Leikskólinn var í gömlu tveggja hæða einbýlishúsi í grónu íbúðarhverfi, miðsvæðis í hrauninu í Hafnarfirði.

Haustið 2010 fluttist leikskólinn í húsnæði Engidalsskóla í Norðurbænum og verður fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til fimm ára. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 17:00 og ákvarðast stöðugildi leikskólans af barngildum og fjölda sérkennslutíma hverju sinni samkvæmt reglugerð um leikskóla.

Tvær deildir eru í leikskólanum og heita þær Baggalá og Keilir. Til stendur að opna tvær aðrar deildir á skólaárinu 2011. Þegar leikskólinn fluttist í nýtt húsnæði þar sem áður hafði verið grunnskóli var ákveðið að leyfa nöfnum skólastofanna að halda sér. Allar stofur skólans bera heiti sem tengjast Hafnarfirði á einhvern hátt og vildum við halda í þá hefð. Fyrstu deildarnar okkar heita því Baggalá og Keilir. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðasafni Hafnarfjarðar er Baggalá íslensk mynd spænska orðsins bacalao sem þýðir saltfiskur. Á sínum tíma þegar saltfiskreitir voru á víð og dreif um bæinn fékk einn reitur þetta nafn. Hann var nálægt þar sem verslunin 10-11 er nú í Setberginu, ofan Reykjanesbrautar. Löngu síðar, uppúr 1980, var það svæði enn kallað Baggalá og var þá oft farið þangað á skauta. Þegar Setbergið byggðist svo upp týndist þetta örnefni. Keilir er eitt af þeim fjöllum sem heilla göngumenn og sést hann víða úr byggðum á suðvesturlandi og vekur athygli sína fyrir fegurð og einstæða staðsetningu. Á Keili eru yngri börn leikskólans en á Baggalá eru þau eldri.

2.2 Yfirstjórn leikskóla og samstarfsaðilar

Hafnarfjarðarbær er eigandi og rekstraraðili leikskólans. Fræðsluráð fer með málefni leikskóla Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar og þar sitja fulltrúi foreldra og starfsmanna leikskólanna. Yfirumsjón leikskólanna og eftirlit er í höndum Skólaskrifstofu og meginmarkmið hennar eru:

- *umsjón og eftirlit með leik- og grunnskólum*
- *skólaþróun og nýtbreytni í starfi*
- *ráðgjafþjónusta*
- *sí- og endurmenntun*
- *eftirlit og umsjón með aðbúnaði*

Fræðslustjóri er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar og starfsmaður leikskólanefndar. Hann hefur yfirumsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna. Þróunarfylltrúar leik- og grunnskóla, sérkennslufulltrúi vegna stuðningsbarna og sálfræðingar starfa einnig við leikskóla bæjarins. Hlutverk þessara aðila er að veita ráðgjöf og faglegan stuðning við starfsfólk leikskólanna og foreldra þeirra barna sem þurfa á stuðningi að halda.

Á skólaskrifstofu er starfrækt leikfanga- og fagbókasafn sem leikskólarnir hafa aðgang að.

3. Hugmyndafræði

Áhersla er á leik og störf í gegnum áhuga og styrk barnsins og efla með því trú þess á sjálf sig og hámarka um leið getu þess. Hugmyndafræði Howards Gardners er leiðarljós okkar á þeirri leið og að vera meðvituð um að allir séu góðir í einhverju en enginn í öllu. Framtíðarsýn okkar er sú að uppeldisfræðilegar skráningar verði notaðar auk þess sem allir starfsmenn læri eitthvað í hverjum mánuði sem styrkir þá í vinnubrögðum og hugmyndafræði Gardners. Snillistundir með börnum eru 2 - 3 í viku þar sem unnið er samkvæmt hugmyndafræðinni.

Stærðfræði og gagnrýnin hugsun eru einnig í brennidepli og þróuð jafnt og þétt með öllum börnum leikskólans. Miðast þetta við hlutbundna vinnu í gegnum leikinn. Áhersla er jafnframt á skapandi starf og lífsleikni og eru bæði sérstakar stundir fyrir þessa þætti auk þess sem þeir fléttast í gegnum allt leikskólastarfið. Málrækt fléttast inn í allt leikskólastarfið og lögð er áhersla á markvissa málörvun og læsishvetjandi umhverfi.

Síðast en ekki síst er fyrst og fremst lögð áhersla á að mynda jákvætt andrúmsloft, skapandi og lærdómsríkt fyrir börn og fullorðna. Börnum og starfsfólki á að líða vel. Markmið starfsmannahópsins er að mynda samheldni í að sameinast um hugmyndir, miðla þekkingu sín á milli og læra hver af öðrum. Áhugasvið starfsmanna á líka að fá að njóta sín í starfi með börnunum. Það er helsta verkefni hvers og eins starfsmanns að verða skapandi, öruggur og lausnamiðaður í starfi sínu.

Gerum ekki einföld mál flókjin, heldur flókjin mál einföld

- **Efla sjálfræði og samábyrgð barnanna:** Byggist á því að ýta undir sjálfræði einstaklingsins og leggja jafnframt áherslu á samábyrgð og samkennd með því að vinna til að mynda með traust. Börnin fá einnig tækifæri til að hafa meðvituð áhrif á nánasta umhverfi sitt.

- **Nota könnunaraðferð:** (learning by doing). Könnunaraðferðin er ein af námsleiðum leikskólans en hún felur í sér að forvitni barns getur orðið kveikja að viðfangsefni hverju sinni og hvetur það áfram í að rannsaka. Með því eru auknar líkur á því að áhugahvöt barna aukist ríkulega. Könnunaraðferðin byggist á því að kanna hvað við vitum og hvað við viljum vita, afla upplýsinga og vinna úr þeim.
- **Nota könnunarleik:** Í könnunarleik fá börnin tækifæri til að örva öll skynfæri og uppgötva eiginleika hluta. Þau æfa notkun orða og hugtaka í rólegu, öruggu umhverfi í nálægð fullorðinna. Börnunum er boðinn aðgangur fjölda ólíkra hluta sem þau mega leika sér með án afskipta fullorðinna.
- **Hvert barn viti hvað af því er ætlast:** SMT skólafærni er hluti af starfi leikskólans en það er liður í að byggja upp þann öryggisramma sem nauðsynlegur er til að öllum líði vel og þekki takmörk sín. SMT felur í sér markvissa hvatningu og ögun (að setja mörk) þar sem áhersla er á að kenna og hvetja æskilega hegðun með mismunandi aðferðum. Einnig er um að ræða jákvæð afskipti og samveru, góð samskipti sem einkennast af skýrum fyrirmælum, virkri hlustun og tjáningu, stjórn neikvæðra tilfinninga og skipulagðri lausnaleit (sjá nánar í bækling sem gefinn var út fyrir Pmt – foreldrafærni).

Sá sem gerir aldrei mistök - gerir aldei neitt

Í starfi leikskólans Álfabergs hafa kennarar eftirtalda þætti í heiðri svo að hvert barn fái notið sín og geti byggt ofan á reynslu sína á jákvæðan hátt:

- **Fara í mál af jákvæðni og með lausn í huga:** Með því er átt við að lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd hvers barns svo það geti tekist á við samskipti og daglegt líf. Það þarf því að þjálfa börnin í samskiptum hvert við annað, því jákvæð samskipti eru ekki meðfædd

heldur þarf að þjálf þau eins og alla aðra þroskaþætti. Börnin þurfa að læra að virða skoðanir annarra og leysa deilur á friðsamlegan hátt með því til dæmis að hlusta á skoðanir annarra og sýna umburðarlyndi. Á sama hátt læra börnin að finna lausnir á þeim málum sem við þeim blasa á jákvæðan hátt. Fullorðnir eru ábyrgir fyrir því að vel gangi, ekki börnin. Það er mikilvægt viðhorf fullorðinna því ef að eitthvað gengur illa er það þeirra hlutverk að skoða og kenna hvernig hægt er að láta hlutina ganga betur. Ekki nota nöldur og skammir, heldur bæta, breyta, deila hugmyndum og vinna markvisst að því að gera hlutina betri. Fyrsta skrefið er að viðurkenna að eitthvað sé ekki eins og það á að vera, annað skrefið er að sjá að aðeins við getum bætt það.

- **Koma auga á sterkar hliðar hvers einstaklings og veikar hliðar hans viðurkenndar:** Felur í sér að mæta fjölbreytileika mannlífsins og koma auga á styrkleika hvers barns. Börn læra á ólíkan hátt og því eru viðfangsefni kynnt á margbreytileikan hátt.
- **Minni streita – meiri vellíðan:** Það er mikilvægt að leikskólinn byggi ekki upp eftirvæntingu um eitthvað sem koma skal seinna. Hin sanna gleði er að vera hér og nú á meðan verið er að gera eitthvað skemmtilegt saman. Börn hafa þann hæfileika að nútíðin er allt fyrir þeim og til þess **að lifa í núinu** verða fullorðnir að hætta að hugsa um afurðina og einbeita sér að ferlinu.
- **Tákn með tali:** Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaleið sem var í upphafi þróuð fyrir börn með mál- og þroskahömlun. Þetta er einföld leið sem byggir á einföldum hreyfitáknum og eru þau notuð á markvissan hátt sem stuðningur við talað mál. Er stuðst er við TMT er lögð áhersla á lykilorð í hverri setningu. TMT nýtist ekki eingöngu börnum með mál- eða þroskahömlun heldur fólki á öllum aldri sem á við tal- og málörðugleika að stríða. Aðferðin nýtist vel í fjölmennningarlegu umhverfi og er málvörvandi fyrir ung börn.

3.1 Faglegar stoðir


Howard Gardner

Fjölgreindarkenning Howards Gardners: Gardner taldi að skilgreining á greind væri of þröng og setti fram þá kenningu að maðurinn byggi yfir að minnsta kosti átta grunngreindum. Þær eru:

1. **Málgreind** eða hæfileikinn til að tjá sig, að geta skrifað vel eða talað vel.
2. **Rök- og stærðfræðigreind** er hæfileiki til að vinna með tölur, rökfræði og kerfi.
3. **Rýmisgreind** er að geta séð hluti fyrir sér, ímyndað sér og séð í huganum hvernig hluturinn kemur út.
4. **Tónlistargreind** eða hæfileikinn til að skapa og njóta tónlistar.
5. **Hreyfigreind**, við notum þessa greind þegar við hreyfum okkur, hlaupum, dönsum eða byggjum eitthvað.
6. **Félagsgreind** er hæfileikinn til að eiga góð samskipti við aðra, fá aðra til að líða vel, lesa í líkamsmál annarra og hafa samkennd með tilfinningum annarra.
7. **Sjálfspekkingargreind** er hæfileikinn til friðsældar, markmiðssetningar og sjálfsskoðunar. Hún leiðir til þess að við getum skilið eigin hegðun og tilfinningar.
8. **Tilfinningagreind** vísar til hæfni til að viðurkenna tilfinningar og tengsl þeirra og til að byggja rök hugsun og lausnaleyti á þeim grunni. Felur í sér hæfni til að skynja tilfinningar, samlaga þær, skilja upplýsingar sem þær veita og hafa stjórn á þeim.

Börnin fá tækifæri til að reyna á og þroska öll greindarsviðin ásamt því að fá að þjálfra og þróa sína sterkustu greind. Með því að skólinn bjóði upp á mismunandi og fjölbreyttar kennsluáðferðir eftir fremsta megni er miðað að því að bjóða hverju barni kennslu við hæfi.

Fjölgreindarpizzan



Hugmyndafræði Lev Vygotsky

Ein af lykillkenningum Vygotsky er kenning hans um "[svæði mögulega þroska](#)" ([e. zone of proximal development](#)). Svæði hins mögulega þroska er svæðið milli þess þroska- eða getustigs sem barnið getur náð á eigin spýtur og þess þroska- eða getustigs sem honum er kleift að ná með aðstoð annarra; fullorðinna eða annarra getumeiri einstaklinga. Samkvæmt Vygotsky er það sem börn geta með slíkri aðstoð marktækari vísbending um raunverulega hæfileika þeirra en það sem þeir geta einir og óstuddir. Svæði hins mögulega þroska afmarkar efri mörk þess sem barnið getur á hverjum tíma en þau mörk eru ekki óbreytanleg heldur færast stöðugt til eftir því sem þekking og færni barnsins sem einstaklings eykst. Það sem barnið getur í dag með hjálp annarra getur það hjálparlaust á morgun. Þannig færast það inn á nýtt svæði þar sem það er fært um að ná nýjum árangri með samvinnu við aðra og geta þess hámarks. Hlutverk kennara í þessu námsferli er að leiða barnið áfram með því að sýna og kenna barninu. Umhverfið þarf að styðja við barnið og nám þess svo það ráði við sem flest verkefni á eigin spýtur.

Í leikskólanum okkar endurspeglast þetta með því til að mynda að börnin aðstoða hvert annað, bæði í leik, námi og við daglegar athafnir. Eldra barn getur t.d. rennt upp rennilásnum fyrir yngra barnið, yngra barnið getur sýnt eldra barninu hvernig setja á skóna sína í grindina og svo mætti áfram telja.

John Dewey

Þeir þættir sem John Dewey leggur áherslu á er að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess, þ.e.a.s. að barnið læri af eigin reynslu, virkni og áhuga. Hann segir forvitni meðfædda hjá hverjum einstaklingi og að með forvitni aukum við reynslu okkar. Samkvæmt Dewey er hlutverk kennarans að útvega börnunum gögn og búa þeim til aðstæður sem stuðla að forvitni. Hin fleygu orð „learning by doing“, að læra með því að fást við viðfangsefnin urðu einkunnarorð Deweys.

Dagurinn í gær er minning, dagurinn á morgun er draumur en dagurinn í dag er lífið sjálft.

Hver dagur í leikskólanum á að vera nýtt ævintýri. Fjölbreytileiki á að vera til staðar og umhverfið að vekja forvitni hjá barninu. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir því að umhverfið taki breytingum með nýjum spennandi hlutum sem börnin geta rannsakað. Í mars 2011 eru hugmyndir okkar um leikföng og efnivið í leikskólanum enn að mótast. Í dag erum við með opinn efnivið sem þýðir að hann býður upp á margar lausnir, í bland við hefðbundin leikföng eins og dúkkur, bangsa, bíla, o.fl.

Kubbana í kubbaherberginu geta börnin notað til að byggja sitt svið í leiknum og auðga hann svo með fylgihlutum. Við viljum leggja áherslu á einfaldleika og að barnið fá að blómstra í leik á sínum forsendum. Einnig leikum við okkur mikið með leir, liti, málningu og efni úr náttúrunni sem við finnum. Við förum líka í vettvangsferðir og hreyfum okkur, bæði úti, í salnum og inni á deildum.

4. Námssviðin

4.1 Leikurinn

Hornsteinn leikskólastarfsins er leikur. Á bernskuárunum er leikur lífstjáning barna, hann er ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þeirra ásamt því að vera gleðigjafi. Börn leika sér frá náttúrunnar hendi því þau hafa gaman af því og grípa hvert tækifæri sem þeim býðst til leiks. Fyrir börnum er leikurinn ósjálfráður og óútreiknanlegur. Hvernig sem leikurinn er, þrífalegur, óþrífalegur, erfiður, auðveldur eða jafnvel kjánalegur, finnst þeim leikurinn seðjandi, hann veitir þeim áskorun og er gefandi.

Um leið og börn leika sér eru þau skaparar, uppfinningamenn og gerendur. Það eru þau sjálf sem viðhalda leiknum. Eftir því sem börn verða eldri breytist leikur þeirra en ýmislegt helst þó óbreytt eins og upplifanir, ímyndunarafli, frjálsræði og andi leiksins. Um leið og börn leika sér njóta þau hvernar mínútu og eru mjög upptekin. Jafnframt læra þau og taka á móti nýrri þekkingu á sínum eigin hraða og á eigin forsendum.

Þegar börn leika sér eru þau að mynda sér skoðun á því hver þau eru, hvaða þekkingu þau búa yfir og hvaða þekkingu þau vilja öðlast næst. Þau læra að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar um umhverfi sitt. Í leiknum æfa þau samskipti við félagasvo og samskipti við fullorðna og þróa þannig félagsleg tengsl við aðra s.s. samkennd, virðingu og vináttu.

Með því að leika sér eru börnin að gera sitt besta til að skilja aðstæður í kringum sig. Þau taka langanir og upplifanir sínar úr hinu daglega lífi og yfirfæra þær í leikinn. Börn taka leikinn mjög alvarlega og aldrei er túlkun þeirra eins raunveruleg, hreinskilin og sönn eins og einmitt í leik. Þau hafa tækifæri til að vinna úr lífsreynslu sinni, jákvæðum upplifunum svo og áföllum.

Leikur er góður grundvöllur fyrir þróun málproska því innan leiksins eiga sér stað náttúrulegar samræður. Það vill stundum verða svo að þegar leik dagsins er lokið er hann tekinn upp aftur næsta dag og haldið áfram að leika hann. Sami leikur gæti jafnvel staðið yfir í nokkra daga og þróast hann þá frá degi til dags. Óhætt er að segja að leikur barna einkennist oft af hlátri og gleði og má einnig segja að hið sama viðhaldi leiknum því ef leikgleðin hverfur þverr leikurinn og deyr.

Þróun leiks

Óhætt er að segja að leikurinn þróist í nokkrum þrepum:

- Í fyrsta þrepinu, einleik, leikur barnið sér eitt og tengir ekki aðra inn í leikinn.
- Í öðru þrepi, samhliða leik, leika börnin sér á svipaðan hátt og með lík leikföng en samskipti eru ekki hluti af leiknum.
- Í þriðja þrepi, samleik, deila börnin með sér leikefni og eiga í samskiptum í leiknum en eru ekki að leika sér hvert við annað.
- Í fjórða og síðasta þrepi, félagslegum leik, eiga börnin í gagnkvæmum samskiptum í leiknum og skiptast á. Leikefnið er sameiginlegt.

4.2 Íslenska

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að á fyrstu æviárum barnsins sé hugtakamyndun, hugtakaskilningur og málnotkun í sem örustum þroska. Málþroski og vitsmunarþroski eru samofnir og gagnvirkir þroskaþættir. Mikilvægt er að málörvun gangi sem rauður þráður í gegnum allt uppeldisstarfið og áhersla lögð á málrækt. Málrækt eflist m.a. í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir börn, segja þeim sögur og kenna kvæði og þulur. Einnig skal hvetja börn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Íslenskan skiptist í nokkra þætti s.s. talað mál, framsögn, hlustun og áhorf. Þessir þættir styðja hvern annan, tengjast og skarast. Börnin kynnast áhrifamætti málsins og margbreytileika. Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins.

Í leikskólanum Álfabergi fá börnin ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið í gegnum markvissa málörvun. Þau fá tækifæri til tjáningar og sköpunar. Einnig fá þau viðfangsefni við hæfi, þroska og áhugamál hvers og eins eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval. Lögð er áhersla á að börnin þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlist hæfni í samvinnu. Einkum á að nota leikinn í þessu skyni en ótal aðrar stundir í dagsins önn eru vel fallnar til málörvunar. Unnið er sérstaklega með markvissa málörvun í litlum hópum. Þar er hljóðkerfisvitund eflid með málörvun í gegnum leik. Kynntur er fyrir börnunum munurinn á töluðu máli og ritmáli. Unnið er með undirstöðu málsins og leikið með rím, kvæði, orð, hugtök, setningar o.fl. Stafainnlögn fer fram í gegnum leik og læra börnin hljóð ákveðinna stafa, hvernig dregið er til stafs

og vinna með stafinn á mjög fjölbreyttan hátt. Þau föndra stafinn, leira hann, baka hann og svo framvegis. Vettvangsferðir eru farnar og tengdar íslenskukennslu og stafavinnu. Í vettvangsferðum leita börnin m.a. að þeim stöfum sem þau hafa lært í umhverfinu. Þau leita m.a. á skiltum, í götuheitum og á bílnúmerum.

Á Álfabergi er íslenska einn af áherslunámspáttum. Lesið er á hverjum degi fyrir börnin ýmist stuttar sögur sem og framhaldssögur og börnin eru spurð um merkingu orða og söguþráð. Í leikskólanum er einnig læsishvetjandi umhverfi og eru bækur aðgengilegar fyrir börnin.

Málrækt

- Málrækt er eins og rauður þráður í leikskólanum við allar daglegar athafnir.
- Tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til samskipta.
- Við viljum að börnin geti tjáð hugsanir sínar og tilfinningar.
- Við viljum hvetja börnin til skapandi og gagnrýnnar hugsunar.



4.3 Stærðfræði

Í leikskólum er hefð fyrir að börnin vinni með kubba, spil og form sem tengjast stærðfræði og verður sú þekking dýpkuð en frekar í leikskólanum. Á Álfabergi er lögð mikil áhersla á að koma til móts við væntingar barnanna til þess að læra og ekki síður að vekja áhuga og jákvæðni gagnvart stærðfræðinni í víðum skilningi. Markmiðið er að samfella myndist við grunnskólastigið þannig að stærðfræðin og vinnuaðferðir hennar verði börnunum kunnuglegar þegar komið er í grunnskólann.

Stærðfræðin fléttast saman við nánast allt sem við gerum. Til þess að efla talnaskilning og þekkingu á hugtökum sem tengjast stærðfræði eru unnin

mjög fjölbreytt verkefni. Bæði vinna börnin hlutbundin verkefni ásamt því að vinna í vinnubókum. Leitast er við að gera verkefni þeirra sýnileg og að umhverfið hvetji til stærðfræðilegrar umræðu og íhugunar.

Stærðfræði og gagnrýnin hugsun.



Hlutbundin
vinna í gegnum
leikinn

- Stærðfræði - alls staðar.
- Áhugi – jákvæðni/leikur – gaman.
- Umræður – íhugun.
- Fjölbreytni.

4.4 Íþróttir og hreyfing

Í Aðalnámsskrá leikskóla kemur fram að börn hafi ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla beri því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Leikir, sem reyna á líkamann, veita barninu útrás.

Leikskólinn hefur aðgang að sal þar sem verða skipulagðar hreyfistundir, einnig höfum við aðgang að skólastofu sem við köllum „litla sal“ og þar getum við hreyft okkur líka. Sparkvöllur er á lóð sem og önnur leiktæki sem örva hreyfifærni barna. Einnig er farið í göngur þar sem svæðið í kringum leikskólann býður upp á skemmtilegt svæði til að efla hreyfigreind og þol barna. Farið er í vettvangsferðir og nánasta umhverfi skoðað nánar, t.d Hellisgerði, Víðistaðatún, fjaran, o. fl.

4.5 Tónlist

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla bera að leggja áherslu á að öll leikskólabörn fái ríkuleg tækifæri til að njóta og iðka tónlist. Samkvæmt henni ættu helstu áherslupættir að vera: söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Leitast skal við að flétta tónlist inn í sjálfsprottinn leik barns, flétta þar saman hljóð, hrynjandi og hreyfingu.


Tónlist er hluti af daglegu starfi leikskólans og kemur fram í hinum ýmsu stundum, s.s hópastarfi, samverustundum og leikfimi svo fátt eitt sé nefnt. Börnin hlusta á tónlist og flytja hana sjálf, ýmist tilbúna tónlist eða sjálfssprotna. Fjölbreytt tónlist eflir málproska barna, þjálfar þau í framsögn og tjáningu, eflir hlustun og einbeitingu. Í gegnum tónlist læra börn og kynnast hugtökum sem tengjast henni, s.s hraða, hrynjanda og blæ. Börnin eru kynnt fyrir margskonar hljóðgjöfum, hvort sem þeir eru aðkeyptir, búin til af þeim sjálfum eða líkaminn notaður sem hljóðgjafi. Með eða án undirspils tjá börnin sig með söng, bæði einstaklingslega og í hóp.



4.6 Listsköpun, skapandi starf og lífsleikni

Aðalnámskrár leikskóla leggur áherslu á að börn fái tækifæri til að tjá sig með myndmáli. Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að vinna með listsköpun á sínum forsendum. Mikið er um opinn og verðlausan efnivið sem börnin eiga auðvelt með að ganga í. Fátt er bannað í listsköpun og fá börnin því að gera tilraunir með efniviðinn á afar frjálsgan hátt. Einnig er unnið með verkefni sem tengjast öðrum námssviðum ásamt því að grípa áhugasvið barnanna hverju sinni. Í leikskólanum eru endalaus tækifæri til sköpunar og til að æfa okkur í lífsleikni. Á hverjum degi lærum við eitthvað nýtt í samskiptum við aðra, hvernig vinátta getur verið margbreytileg, hvernig við eigum að koma fram við aðra o.s.frv. Við nýtum námsefni í lífsleikni sem heitir Stig af stigi og í gegnum það læra börnin að skilja aðra og láta sér lynda við þá, leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning og að kunna að umgangast reiði og draga æsingi.

Skapandi starf og lífsleikni



Að sýna
vináttu er
lífsleikni



Þegar ríkir gleði,
á sér stað nám

4.7 Náttúra og umhverfi

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira.

Börn eru yfirleitt forvitin og áhugasöm um fyrirbæri náttúrunnar. Forvitinni reynum við að viðhalda hér á Álfabergi og gerum ýmsar náttúruskoðanir. Í gegnum könnunaraðferðina skapast oft möguleikar á því að fara í náttúruskoðun eða að framkvæma tilraunir á því efni sem verið er að skoða hverju sinni. Umhverfi leikskólans er frábært og er stutt í hraunið og í nánasta umhverfi er Víðistaðatún og Hellisgerði en þangað getum við farið og skoðað náttúruna.

4.8 Menning og samfélag

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla eiga börn að kynnst því samfélagi sem þau búa í. Í fjölbreytilegu þjóðfélagi er ljóst að börn búa við mismunandi uppeldiskilyrði og eru úr ólíkum fjölskyldugerðum. Það er sama hvaðan við komum þá tilheyrum við því samfélagi sem við búum í og erum hluti af því. Börn fá fljótt áhuga á samfélaginu og þeirri menningu sem þau alast upp við. Mikilvægt er að búa börnin undir þennan heim og með því að víkka sjóndeildarhring þeirra verða þau opin, jákvæð og fordómalaus gagnvart því fjölbreytilega þjóðfélagi sem við búum í. Mikilvægt er að börnin geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins, sbr. mismunandi þarfir, getu og hörundslit. Menning okkar og samfélag hefur þó tekið ýmsum stakkbreytingum í gegnum árin og hefur mótast af gömlum gildum, hefðum og siðum. Börn þurfa að kynnst þessum menningararfi sem hefur einkennt þjóðfélagið, gömlum og nýjum. Hefðir og hátíðir fléttast inn í daglegt starf þegar við á og unnin eru verkefni í kringum þær.

Tölvur

Í Aðalnámsskrá leikskóla segir að tölvur skuli vera í öllum leikskólum.

Á Álfabergi er alltaf ein tölva sem börnin hafa aðgang að og geta tvö börn valið hana á sama tíma hverju sinni. Í boði eru námsleikir sem örva málþroska, stærðfræði og sköpun. Engir leikir sem innihalda ofbeldi eru í boði.

Auk barnatölvunnar eru þrjár fartölvur í húsinu. Hægt að vinna að verkefnum og leita að upplýsingum á netinu hvar sem er í húsinu þar sem er þráðlaust net. Þegar unnið er eftir könnunaraðferðinni er gjarnan farið á internetið til að afla upplýsinga um ákveðin efni.

Vettvangsferðir

Fram kemur í Aðalnámsskrá leikskóla að í leikskóla beri að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira. Í upphafi árs er kannað hvaða foreldrar geta tekið á móti okkur á vinnustað sínum og ef einhverjir eru höfum við nýtt okkur það.

Hátíðir og hefðir

Hátíðir og hefðir íslensks þjóðlífs eru hafðar í heiðri á Álfabergi eins og í öðrum skólum landsins.

Í desember er foreldrum boðið á jólaball og að því loknu er boðið upp á veitingar. Í janúar þegar þorrinn byrjar vinnum við verkefni sem tengist honum. Við förum á Þjóðminjasafnið og höldum þorrablót í skólanum. Á þorranum er einnig rafmagnslaus dagur þar sem börnin fá að koma með vasaljós í skólann. Haldið er upp á öskudag, bolludag og sprengidag á hefðbundinn hátt. Á konudegi og bóndadegi bjóðum við mömmum/ömmum og pöbbum/öfum í morgunkaffi til okkar.

Dagur leikskólans er haldinn 6. febrúar ár hvert og höfum við haldið þennan dag hátíðlegan með því að brydda upp á einhverju skemmtilegu að gera. Þegar grunnskólar bæjarins fara í páskafrí hefur verið haldinn íþróttadagur leikskólabarna í Hafnarfirði. Fyrir páskafrí er foreldrum boðið í morgunkaffi til okkar. Þegar líða tekur að sumri förum við að undirbúa þátttöku okkar í Björtum dögum en þeir eru haldnir á hverju sumri á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Foreldrafélagið og leikskólinn standa síðan fyrir sumarhátíð þegar nær dregur sumarfríinu.

Afmæli leikskólans er 22. september og þá gerum við okkur glaðan dag með góðum mat og afmælishátíð. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember flytur hver hópur leikskólans atriði fyrir önnur börn leikskólans, einnig hafa grunnskólabörn komið í heimsókn til okkar og lesið eða sungið fyrir okkur.

Þegar líða tekur að jólum einbeitum við okkur að friði og ró. Við myndum notalega stemningu í húsinu okkar. Við tókum þátt í að skreyta jólaborpið í miðbænum, elstu börnin fara í Sívertsen húsið og upplifa hvernig jólin voru í gamla daga og svo höldum við jólaball.

Leyfðu öðrum að kveikja á kyndlum sínum í þekkingu sinni.

5. Samstarf við grunnskóla

Samstarf við grunnskóla byggist á því að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og mynda samfellu í námi barna. Að gera börnin öruggari fyrir það mikla og oft á tíðum erfiða stökk að hefja grunnskólagöngu með þeim hætti að þau þekki grunnskólaumhverfið og hefji grunnskólagöngu sína sem sterkir einstaklingar og forvitnir um næsta skólastig. Þannig verður næsta skólastig eðlilegt framhald í þeirra þroska og teljum við það góðan grunn að farsælli grunnskólagöngu. Í leikskólanum okkar gefst okkur gott tækifæri til samvinnu við grunnskólann þar sem við erum staðsett í sömu byggingunni. Samstarfið verður þróað í góðri samvinnu við grunnskólann. Nú þegar heimsækjum við hvort annað, við höfum farið á morgunstundir á föstudögum í grunnskólanum, sungið saman á Degi íslenskrar tungu, farið á bókasafnið, horft á helgileik grunnskólabarnanna o.fl.

Ef börnin okkar í leikskólanum fara í aðra grunnskóla þegar skólaganga þeirra hefst höfum við farið í heimsókn þangað.

6. Mat á þroska leikskólabarna

Fyrir foreldraviðtöl er farið yfir þroskastöðu hvers barns og notað til þess m.a. Hljóm 2. sem hefur forspárgildi um komandi lestrarfærni. Leikskólakennari leggur fyrir barnið Hljóm 2 og vinnur úr niðurstöðum þess. Einnig verður stuðst við skráningar sem fara fram jafnt og þétt yfir veturinn og þá m.a. notaðar videoupptökur.

Hafa ber í huga að mat á stöðu og þroska einstakra barna er gert í samráði við foreldra og þeim kynntar niðurstöður. Í þeim tilfellum verður stuðst við eftirfarandi matstæki:

- AAL – athugunarlisti.
- Íslenska þroskalistann.
- Íslenska smábarnalistann.
- Þroskalista Kuno Beller.
- Þroskalista Gerd Strand.

Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn er fylltur út af móður barns og tekur hann mið af alhliða þroska barnsins. Unnið er úr svörum móður í leikskólanum samkvæmt ákveðnum staðli. Leikskólakennari svarar hins vegar Atferlis og athugunarlistanum (AAL), þroskalista Gerd Strand og hreyfiþroskaprófinu og vinnur jafnframt úr niðurstöðum þar sem einnig er farið eftir ákveðnum staðli.

Allir eru góðir í einhverju en enginn er góður í öllu.

6.2 Mat á leikskólastarfinu

Til að tryggja faglega þróun á starfi leikskólans er mikilvægt að reglulegt mat fari fram. Í leikskólanum eru fimm skipulagsdagar á ári og eru þeir nýttir fyrir endurmat og fræðslu. Skipulagsdagarnir eru haldnir á virkum dögum og þá er leikskólinn lokaður.

Leitað er til foreldra um mat á leikskólastarfinu í formi spurningarlista sem lagðir eru fyrir árlega. Það er mikilvægur þáttur foreldra til að varpa ljósi á starfið utan frá séð og gera þannig gott starf enn betra. Einnig framkvæmir Hafnarfjarðarbær könnun um starfið sem foreldrar eru beðnir um að taka þátt í.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrar eru þeir aðilar sem bera meginábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna. Hins vegar er leikskólastarfið og það starfsfólk sem við hann starfar viðbót við það uppeldi sem börnin fá heima fyrir. Til að samstarf gangi sem best þarf að ríkja gagnkvæmt traust á milli heimilis og skóla. Jákvæð og opin samskipti eru einn af hornsteinum fyrir gott leikskólastarf. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við foreldra og upplýsingamiðlun sem fer fram munnlega og skriflega. Upplýsingamiðlun getur farið fram í formi tilkynninga á upplýsingatöflu og á heimasíðu leikskólans. Áhersla er lögð á að heimasíða leikskólans sé virk og á henni er starf leikskólans gert sýnilegt fyrir foreldra í formi mynda, fréttu og almennra upplýsinga. Matseðill leikskólans birtist einnig á heimasíðunni ásamt því að hann sé hengdur upp í fataklefa barnanna. Heimasíða leikskólans er: www.leikskolinn.is/alfaberg

Markmið með foreldrastarfi er að veita upplýsingar um starfsemi leikskólans, þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum, afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra, stuðla að þátttöku foreldra í leik og starfi, rækta samvinnu og samskipti og að lokum skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi og menntun barna.

Það er mikilvægt að foreldrar upplifi sig sem þátttakendur í starfinu og stendur þeim ávallt til boða að koma í heimsókn, fylgjast með og sjá hvaða verkefni börnin þeirra eru að fást við hverju sinni. Foreldrafundur er haldinn einu sinni að hausti og foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu. Foreldraviðtölin eru á hálfárs fresti og er bundið við afmælisdag barnsins. Foreldrar hafa alltaf aðgang að stjórnendum leikskólans og starfsfólki hans óski þeir eftir. Einnig eru foreldrar boðaðir í viðtöl ef þörf þykir.



7.1 Aðlögun

Hér er að finna aðlögunaáætlun leikskólans en hún getur tekið breytingum eftir aldri barnsins en einnig eftir því hvernig aðlögunin gengur fyrir sig hjá hverju barni.

Aðlögunaráætlun:

Nafn

barns: _____

Hópstjóri: _____

Deildarstjóri: _____

Dagur 1.

Foreldri/ar og barn mæta í heimsókn kl. 09:00. Þá er húsnæði skoðað og börn kynnast starfsfólki og öðrum börnum.

Dagur 2.

Mæting kl. 09:00, foreldri/ar og barn eru saman á deildinni til kl. 11:00 í leik og starfi.

Dagur 3.

Mæting kl. 08:30 og eru til kl. 11:30. Byrjað er á að snæða morgunverð og frjáls leikur tekur við. Ef vel gengur bregður foreldri sér frá en hefur með sér síma svo hægt sé að ná í það.

Dagur 4.

Mæting kl. 08:30 – 12:00. Sama skipulag og fyrri dagur nema nú bætist hádegisverður við.

Dagur 5.

Mæting kl. 08:15 eða þegar vistunartími barns hefst. Foreldri gefur sér góðann tíma með barni en kveður það svo. Barnið snæðir hádegisverð og fer í hvíld (hringt í foreldra þegar barnið vaknar. Börn sem ekki sofa dvelja í leikskólanum til kl. 15:00 og fá nónhressingu.

Ef vel gengur er formlegri aðlögun lokið og barn hefur leikskólavist sína í samræmi við vistunartíma. Nauðsynlegt er að hafa síma sem hægt er að ná í foreldra.

8. Hagnýtar upplýsingar

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd **fyrsta hvers mánaðar** og er **eindagi fimmtánda** hvers mánaðar.

Hjá Hafnarfjarðarbæ er veittur systkinaafsláttur, 25% vegna annars barns og 50% vegna þriðja barns. Þetta gildir þó svo að systkini séu hvort í sínum leikskóla og dregst afslátturinn frá gjaldi eldra barnsins. Jafnframt er veittur systkinaafsláttur ef annað barnið er hjá dagforeldri.

Segja skal upp leikskólaplássi með **eins mánaðar** fyrirvara á þar til gerðum eyðublöðum. Sama gildir er óskað er eftir breytingum á dvalartíma barnsins. Sé reglum um uppsagnarfrest ekki fylgt er heimilt að krefjast greiðslu fyrir einn mánuð til viðbótar.

Fatnaður

Foreldrar eru beðnir um að merkja fatnað barnsins síns, þá eru minni líkur á að flíkurnar glatist. Leikskólinn getur ekki borið ábyrgð á fatnaði barnanna. Útiklæðnaður skal alltaf vera í samræmi við veðurfar.

Afmælisdagur barnsins

Afmælisdagur barnsins er ávallt haldinn hátíðlegur og afmælisbarnið er í brennidepli. Foreldrar þurfa ekki að koma með veitingar fyrir börnin heldur sér leikskólinn um það. Börnin geta valið um að baka, poppa eða að bjóða upp á ís. Strax í upphafi skólaársins er ákveðið í samráði við börnin hvernig afmælisdögunum verður háttað.

Slys og tryggingar

Öll börn í leikskólum Hafnarfjarðarbæjar eru tryggð meðan á dvöl þeirra í leikskólanum stendur. Í stórum barnahópi geta orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er haft samband við foreldra. Farið er með barnið á slysadeild ef þess þarf með. Rétt er að vekja athygli á því að Hafnarfjarðarbær greiðir kostnað vegna fyrstu ferðar á slysadeild.

Lyfjagjöf í leikskóla

Reglur leikskólans varðandi lyfjagjöf er sú að við gefum lyf sem barninu eru nauðsynleg s.s. asmapúst og lyf vegna langvarandi veikinda. Lyf eins og pensilín, verkjastillandi lyf o.fl. biðjum við foreldra að gefa heima ef á þarf að halda.

Veikindi/frí

Við biðjum foreldra um að láta okkur vita ef barnið er veikt. Við sendum þá hlýjar hugsanir heim til félaga okkar í samveru á morgnana.

Erfitt getur verið að mæta þörfum foreldra með langvarandi inniveru barna s.s. til að fyrirbyggja veikindi. Við höfum það því að leiðarljósi að barn getur fengið að vera inni eftir að veikindum er lokið í samráði við starfsfólk. Styttri útivera eftir veikindi er líka oft heppilegur valkostur sem auðvelt er að mæta.

Slys - óhöpp

Ef barn verður fyrir óhappi er strax haft samband við forráðamann þess. Ef þörf þykir er farið með það á slysadeild til aðhlynningar. Hafnarfjarðarbær greiðir kostnað vegna fyrstu heimsóknar á slysadeild.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar leikskólans eru 5. Þá daga er leikskólinn lokaður og starfsmenn nýta daginn til símenntunar og að ígrunda innra starf leikskólans, endurmeta og skipuleggja það.



Ýmsar upplýsingar

- Foreldrar eru beðnir um að virða dvalartíma barnsins og koma með börnin og sækja þau á réttum tíma. Reynslan hefur sýnt okkur að þau börn, sem mæta vel og reglulega, eru örugg í leikskólanum og una sér vel.
- Ef barnið kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum er æskilegt að láta starfsfólk leikskólans vinsamlegast vita.
- Ef barnið vill af einhverjum ástæðum ekki koma í leikskólann, hafið þá strax samband til þess að foreldrar og starfsfólk geti lagt sig fram við að finna lausn á því í sameiningu.
- Ef aðrir en foreldrar sækja barnið í leikskólann vinsamlegast látið starfsfólk þá vita. Umboðsmaður barna telur ekki æskilegt að börn undir tólf ára aldri sæki eða komi með barn í leikskólann.
- Þegar komið er með barnið í leikskólann skal því ávallt fylgt í hendur starfsfólks áður en það er kvatt.
- Rík áhersla er lögð á að forráðamenn barnsins og barnið sjálft kveðji alltaf starfsfólk þegar það yfirgefur leikskólann.